

Nd.

### 317. Frumvarp

til fjáralagalaga fyrir árin 1908 og 1909.

Eins og það var samþykkt við 2. umr. í Nd.

#### 1. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í fjárlögunum fyrir árin 1908 og 1909 veitast kr.: 110,895,10 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2.—6. gr. hér á eftir.

#### 2. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem talin eru í 12. gr. fjárlaganna til læknaskipunarinnar, veitist á eftir 10. lið 1.

Til þess að fullgera sóttvarnarhúsið á Seyðisfirði (þar af endurveiting 1168 kr. 69 an.) ..... kr. 2295,00

Styrkur til Samundar læknis Bjarnhéðinssonar til þess að sækja holdsveikilæknamót í Björgvin ..... — 600,00

kr. 2895,00

#### 3. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 13. gr. fjárlaganna til samgöngumála veitist

Við A. 4. Til peningageymsluklefa í pósthúskjallaranum alt að ..... kr. 800,00

Við B. II. Til Reykjadalabrautar með brú á Laxá ..... — 10,000,00

Til að fullgera Fagradalsbrautina ..... — 11,500,00

Til nauðsynlegrar umbótar á Holtavegi, Eyrarbakkaþraut, Eyja-fjarðarþraut m. m. .... — 1,500,00

Til að vernda Eyrarbakkaþrautina niður Breiðumýri fyrir skemdum af vatnságangi ..... — 1,600,00

Til að bæta torfæru á Grímsnesbraut beggja megin Sogsbrúar ..... — 10,000,00

Við B. III. Til Lagarfljótsbrúarvegjar ..... — 4,000,00

Til brúargerðar á Gríshólsá og svo kölluðni Sfi í Helgafellssveit ..... — 3,000,00

Til brúarinnar á Jökulsá á Dal hjá Hákonarstöðum (þar af endurveiting kr. 0,79) ..... — 258,93

Við C. 2 e. Til viðbótar við styrk árið 1909 til bátaferða frá Langanesi til Hornafjarðar ..... — 4,000,00

Við D. II. 6. Gegn því, að í stað ráðgjörðs 3,3 m/m koparsíma frá Reykjavík til Selfoss og 4 m/m járnsíma þaðan að Eystri-Garðsáuka, sé notaður 4,5 m/m járnþráður alla leið, má draga 10,000 krónur frá tillagi því, sem heimtað er í fjárlögunum til símalínu þessarar af Árnes og Rángárvallasýslum. Tillaginu frá Árnessýslu skal verja til hliðarlínunnar frá Selfossi niður á Eyrarbakka og Stokkseyri.

Til Bolungarvíkur talsíma frá Ísafirði  $\frac{3}{4}$  kostnaðar eða ..... — 6,000,00

Við D. bætast 2 nýir liðir:

1. Af kostnaði við símalínu frá Kalastaðakoti til Akraness ..... — 7,400,00

Veitist með því skilyrði, að Borgarfjarðarsýsla og Mýrasýsla greiði samtals 5,400 krónur til þessarar línu og til línunnar frá Grund eða Varmalæk til Borgarness, og fellur þá burtu það sérstaka tillag, sem í fjárlögunum er áskilið til Borgarnesslínunnar.

2. Fé því, sem sparast hefir af þeim upphæðum, sem veittar eru

flyt kr. 60,058,93

flutt: kr. 60,058,93

í fjárlaganna 13. gr. D. II. 1., 2., 4., 5., 7., 8., 9. og 10., má verja til þess að kaupa lands-sjóði til handa einkalínurnar frá Seyðisfirði og Egilsstöðum til Eskifjarðar og Norðfjarðar, þannig, að hlutaðeigandi sýslufélög, auk þeirra 4000 kr., sem lagðar hafa verið til Eskifjarðarlínunnar, taki að sér 5000 kr. af lands-sjóðsláni því, er á símunum hvílir. Í viðbót má verja allt að . — 6,000,00

Það skal í skilyrðum haft við stofnsetning og framhald tal-símastöðva til almenningsnota á framangreindum símaleiðum, að hrepparnir ábyrgist og kosti að sínum hluta starfræksluna eftir þeim reglum, sem nú gilda um stofnun venjulegra landsímastöðva, og stjórnin nánar ákveður.

Við E.	1. Til þess að setja lítinn aukavita við Reykjanesvitann .....	—	2,500,00
	2. Til þess að setja bráðabirgðavita á Öndverðarnes .....	—	3,500,00
	3. Til útgjalda við vitann á Siglunesi haustið 1908 og árið 1909 .....	—	1,400,00
	4. Til þess að endurreisa innsiglingarvarðann á Grfmsey í Stein-grímsfirði .....	—	300,00
	5. Til þess að mæla skipaleið í Gilsfjörð .....	—	10,000,00
			kr. 83,758,93

#### 4. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem veitt eru í 14. gr. fjárlaganna til kirkju og kenslu-mála, veitist:

Við B. III.	Til lagaskólans:		
	b. 6. önnur útgjöld .....	kr.	400,00
Við B. V.	Til gagnfræðaskólans á Akureyri:		
	1. Til aðgerðar á skólahúsinu 1908 .....	—	850,00
	2. Til aðgerðar á innanstokkamunum og til viðbótar þeim s. á (þar með þaðhöld) .....	—	1,250,00
	3. Til leikfímishúss allt að .....	—	2,000,00
	4. Til lampa og ljósáhalda allt að .....	—	800,00
	5. Til kennarapúlta o. fl. allt að .....	—	500,00
	6. Til tímakenslu allt að .....	—	500,00
Við B. VII. f.	Til viðbótar við námsstyrk við kennaraskólaun .....	—	900,00
	Til viðgerðar við lóð skólans .....	—	1,000,00
		kr.	8,200,00

#### 5. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem veitt eru í 15. gr. fjárlaganna til vísinda og bók-menta, veitist:

Við 1.	Til dyravarðar við Safnahúsið (síðara árið) .....	kr.	600,00
Við 7.	Til rannsókna og undirbúnings skrásetning fornmenja samkvæmt lögum 16. nóv. 1907, eftir reikningi allt að .....	—	500,00
	Til aðstoðar við umajón á Forngripasafninu (síðara árið) .....	—	500,00
Við 38.	Fyrir veðursfmskeyti til stöðvanna á Húsavík, Fáskrúðsfirði, Kefla-vík, Gerðum, Ísafirði, Flateyri, Þingeyri, Bldudal og Patreksfirði; frá 1. nóvember 1903—31. desember 1909 .....	—	2,800,00
		kr.	4,400,00

6. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem veitt eru í 16. gr. fjárlaganna til verklegra fyrir-  
tækja, veitist:

Við 7.	Til þess að byggja fjös á Hallormsstað og gjöra að bæjarhúsum á Ormatöðum .....	kr. 1,200,00
Við 8.	1. Til vegar fram hjá sandgræðslusvæði við Reyki á Skeiðum 1908	— 541,17
	2. Til vegar fyrir austan sama sandgræðslusvæði sumarið 1909, gegn því að það, sem á vantar, verði borgað annarstaðar frá .....	— 2,000,00
Eftir 16.	Til Iðnaðarmannafélagsins á Seyðisfirði til kveldskólahalds .....	— 300,00
Við 24.	Viðbótarstyrkur til hafskipabryggju í Stykkishólmi .....	— 5,000,00
Eftir 31.	1. Til Hallgríme Benediktssonar, Jóhannesar Jósepssonar o. fl. til þess að sýna glímu við olympisku leikina í London sumarið 1908	— 2,000,00
	2. Til Tómasar Tómassonar, leiga fyrir Gullfoss árin 1908 og 1909	— 600,00
		<hr/> kr. 11,641,17

7. gr.

Úr viðlagasjóði má lána sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu allt að 8000 kr. til umbóta á bryggjunni á Blönduósi, er endargreiðist með 6% á 28 árum.